

Bæjarráð Mosfellsbæjar  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbær

Reykjavík 18. febrúar 2020

**Varðar: Landspilda nr. 123708 á Leirvogstungumelum**


Fyrir hönd umbj. míns Vöku hf., kt.670269-5584, er vísað til bréfs umhverfisstjóra, dags. 7. febrúar sl.

Forsaga málsins er sú að fyrir tveimur árum keypti umbj. minn af Landsbanka Íslands umrætt land á Leirvogstungumelum þar sem fyrirhugað er að byggja framtíðarstarfsstöð Vöku hf. Hafa fyrirvarsmenn umbj. míns óskað eftir því að fá að nýta hluta þess landsvæðis sem geymslusvæði en hluta af því svæði hefur Ístak hf. verið með á leigu og nýtt sem slíkt. Haldnir hafa verið nokkrir fundir með fulltrúum Mosfellsbæjar og gögnum skilað inn til að undirbúa samning þar um.

Ástæða þess að safnast hafa upp bifreiðar o.fl. á svæðinu má rekja til nýlegra flutninga á höfuðstöðvum Vöku hf. um síðustu áramót. Af þeim sökum stöðvaðist úrvinnsla í janúarmánuði meðan umbj. minn var að koma sér fyrir í bráðabirgðaaðstöðu. Umbj. minn er þegar byrjaður að ferja bílflök o.fl. af svæðinu til úrvinnslu en það mun taka a.m.k. fjórar vikur að vinna mesta kúfinn niður.

Þegar leyfið er komið getur umbj. minn útbúið svæðið eins og sýnt hefur verið á kynningum fyrirvarsmanna Vöku hf. með fulltrúum Mosfellsbæjar, þ.e. gert manir, gróðursett og girt af, svo sómi sé af svæðinu. Þó svo umbj. minn sé í starfsemi sem er ekki alltaf falleg ásýndum þá er það metnaður umbj. míns og vilji að gera svæðið snyrtilegt og minnka sjónræna mengun eins og kostur er. Þá verður svæðið með rafrænni vöktun. Er það von umbj. míns að samningar við bæjaryfirvöld náist sem fyrst svo hægt sé að hefja framkvæmdir og útbúa svæðið með þeim hætti sem kynnt hefur verið bæjaryfirvöldum svo sómi sé af.

Virðingarfyllst,



Guðfinna Jón. Guðmundsdóttir lögmaður  
gudfinna@fasteignamal.is